

Nd.

67. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 83, 14. nóv. 117, um breytingar og viðauka við lög nr. 35, 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Jón Jónsson og Þorsteinn Jónsson.

Í 2. gr. greindra laga (4. gr. ritsímalaganna frá 1913) komi inn á eftir »Loðmundarfjarðar«:

Brekku í Fljótsdal um Vallanes og Ás.

Greinargerð.

Símalína þessi yrði lögð frá Egilsstöðum sunnan megin Lagarfljóts að Vallanesi, þaðan yfir fljótið að Ási og upp að læknissetrinu Brekku norðan fljóts. Eftir að símalína er lögð niður hjeraðið til Borgarfjarðar, er sjálfsgagt, að bráðlega yrði lögð sú lína, sem hjer er fyrirhuguð. Yrði hún upphjeraðinu að margvislegu gagni og mundi bera sig ágætlega. Fólk er allmargt á þessu svæði, og þar er hjeraðið glæsilegast. Yrði síminn þar vafalaust mikið notaður.